

Mánudaginn 22. janúar 1962.

Nr. 102/1961. **Ákærvaldið** (Kristján Guðlaugsson hrl.)

gegn

Þráni Sigtryggssyni

(Guttormur Erlendsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómaramir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-
son, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor
Ármann Snævarr.

Bifreiðar. Líkamsmeiðing.

Dómur Hæstaréttar.

Vitnið Guðný Helgadóttir og ákærði eru samsaga um það, að drengurinn Einar Ingbór Einarsson, er varð fyrir bifreið ákærða og slasaðist, hafi hlaupið fyrir bifreiðina. Vitnið kveður bifreiðina, sem ekið hafi verið „frekar hægt“, hafa stöðvazt, „rétt í því er ákeyrslan skeði“. Ákærði, sem telur sig „hafa verið á fremur rólegri ferð, ca 15—20 km hraða pr. klst.“, kveðst, er hann varð drengsins var, „rétt í því að hann skall á“ bifreiðinni, „hafa snarhemlað bifreið sinni, sem þá stöðvaðist mjög fljótt“. Samkvæmt þessu og öðrum gögnum málsins, sem rakin eru í héraðsdómi, þykir varhugavert að fullyrða, að ákærði hafi átt refsiverða sök á slysinu og brotið gegn lagaboðum þeim, sem í ákæru greinir. Verður honum því dæmd sýkna af kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Þráinn Sigtryggsson, á að vera sýkn af kröfum um ákærvaldsins í máli þessu.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun sækjanda og verjanda

fyrir Hæstarétti, Kristjáns Guðlaugssonar og Guttorms Erlendssonar hæstaréttarlögmannna, kr. 2000.00 til hvors.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. marz 1961.

Ár 1961, mánudaginn 6. marz, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var af Ólafi Þorlákssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1336/1961: Ákærvaldið gegn Þráni Sigtryggssyni, sem dómtekið var sama dag.

Mál þetta er með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 18. nóvember s.l., höfðað á hendur Þráni Sigtryggssyni vélstjóra, Skipasundi 26, Reykjavík, fyrir að hafa þriðjudaginn 14. október s.l., um kl. 10.00, ekið bifreiðinni R 10722 vestur Sundlaugaveg í Reykjavík án þess að sýna nægilega aðgæzlu við aksturinn, miðað við aðstæður, með þeim afleiðingum, að 5 ára drengur varð fyrir bifreiðinni á fyrrnefndum vegi skammt frá Hrístateigi, og slasaðist hann, lærbrotnaði m. a. Þykir þetta varða við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 3. mgr. 49. gr. l og n, sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 2. mgr. 46. gr., sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem fæddur er 3. júní 1927 að Héðinshöfða á Tjörnesi, hefur sætt eftirfarandi refsingu:

Í Reykjavík:

1951 2/4 Sátt, 40 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. bifreiðalaga.

Málavextir eru þessir:

Þriðjudaginn 4. október s.l., kl. 10.05, var hringt á lögreglustöðina og tilkynnt, að þá skömmu áður hefði orðið umferðarslys á Sundlaugavegi við Hrístateig. Lögreglumenn fóru þegar á vettvang. Slys þetta hafði orðið með þeim hætti, að ákærði ók bifreiðinni R 10722 vestur Sundlaugaveg. Á Sundlaugavegi, skammt vestan Hrístateigs, þar sem slysið varð, var verið að grafa upp syðri helming götunnar, og stóð vörubifreið mannlau á akbrautinni við uppgröftinn. Er ákærði ók framhjá vörubifreið þessari, varð Einar Ingþór Einarsson, fæddur 15/12 1954, er átti leið um akbrautina, skammt vestan við vörubifreiðina, fyrir bifreið ákærða, með þeim afleiðingum, að Einar lærbrotnaði. Er lögreglumenn komu á vettvang, hafði ákærði fært bifreið sína úr stað, auk þess hafði hinn slasaði piltur verið færður inn í bifreið, er leið átti þarna um. Torveldaði þetta rannsókn lögreglu á vett-

vangi. Færð var góð, dagsbirta, heiðskírt og þurrt, yfirborð vegarins var malbikað.

Við skoðun á bifreiðinni R 10722, sem er „skoda station“ bifreið, smíðaár 1952, með vökvahemlabúnaði og vinstri hliðar stýri, reyndist öryggisútbúnaður í lagi, nema framrúða var mjög rispuð og slitin undan rúðupurrkum, einnig vantaði glitgler að aftan. Bifreið ákærða hafði verið skoðuð 29. september s.l., og hafði ákærði þá fengið frest til þess að skipta um framrúðu og setja glitgler á bifreiðina. Frestur þessi var útrunninn á slysdegi.

Fyrir dómi hefur ákærði skýrt svo frá, að er slysið varð, hafi hann ekið vestur Sundlaugaveg á fremur rólegri ferð, 15—20 km pr. klst., og hafi bifreiðin verið tengd í þriðja eða fjórða ganghraðastig. Fjögur ganghraðastig eru áfram á bifreiðinni. Er ákærði kveðst hafa verið kominn að mestu framhjá hinnu kyrrstæðu vörubifreið, er stóð sunnanvert á akbraut Sundlaugavegar, hafi komið högg framan á bifreið hans, og í því hafi hann séð, að ungur piltur hafði hlaupið fyrir bifreiðina, og án efa komið frá syðri jaðri Sundlaugavegar, enda hafi hann ekki séð drenginn fyrr en rétt í því, að hann skall á bifreiðinni. Ákærði kveðst hafa snarhemað bifreið sína, sem stanzaði mjög fljótt, en umgetinn piltur hafi kastast frá bifreiðinni 1—2 faðma í vesturátt og legið þar á götunni. Ákærði kveðst nú hafa farið til hjálpar piltinum, sem þegar var að nokkru risinn á fætur. Bar nú ákærði piltinn ásamt manni nokkrum, er kom þarna að, inn í bifreið manns þessa, og var ætlunin að aka drengnum á slysavarðstofu. Ekkert varð þó úr því, en í þess stað hringdi ákærði í lögreglu og kvaddi hana á vettvang. Pilturinn, Einar Ingbór, var fluttur af vettvangi í sjúkrabifreið. Ákærði kvaðst skömmu fyrir slysið hafa séð nokkuð af krökkum og öðrum vegfarendum standa norðanvert við götuna á biðstöð strætisvagna, á móts við þann stað, er slysið varð á. Hins vegar segir ákærði, að hann hafi ekki séð til mannaferða sunnan megin götunnar þar, enda á þeim vegarhelmingi verið djúpur skurður, en all miklu austar hafi hann þó orðið var mannaferða þeim megin götunnar. Ákærði kvaðst hafa haft góða yfirsýn yfir veginn og sýnt fyllstu aðgát.

Einn sjónarvottur var að slysi þessu, vitnið Sesselja Guðný Helgadóttir, Miðtúni 88, 14 ára að aldri. Vitnið hefur skýrt svo frá, að bifreiðinni R 10722 hafi ekki verið ekið hratt, er slysið varð, heldur á frekar hægri ferð, eftir því sem tíðkast. Vitnið sá drenginn, er fyrir slysinu varð, hlaupa fyrir bifreiðina R 10722.

Við höggið hafi drengurinn kastazt nokkuð frá bifreiðinni áfram eftir götunni í vesturátt.

Af gögnum málsins er ljóst, að pilturinn Einar Ingbór hefur hlaupið af óvitahætti gáleysislega af syðri og í átt að nyrðri helm-ing Sundlaugavegar umrætt sinn og með því átt verulega sök á slysinu. Á hinn bóginn þegar haft er í huga, að ákærði ók í um-rætt sinn um þrönga götu og framhjá kyrrstæðri bifreið þar, að hann ók í þriðja eða fjórða ganghraðastigi með ágizkuðum hraða 15—20 km pr. klst., að hann í umrætt skipti ók framhjá biðstöð strætisvagna, þar sem ávallt má búast við mannaferðum yfir þvera akbraut, að framrúða bifreiðar ákærða var mikið slitin, sem ætíð hlýtur að einhverju leyti að torvelda ökumanni útsýn, þá lítur rétturinn svo á, að við hin erfiðu skilyrði hafi ákærði ekið gáleysislega og með því orðið meðvaldur að slysinu og gerzt brotlegur við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 3. mgr. 49. gr., 1 og n, sbr. 80. gr. umferð-arlaga nr. 26/1958 og 2. mgr. 46. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykkt-ar Reykjavíkur nr. 2/1930.

Refsing ákærða ákveðst 800 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 4 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Þráinn Sigtryggsson, greiði 800 króna sekt til ríkis-sjóðs innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varð-haldi í 4 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.